

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2018

Efni: Frumvarp til laga um veiðigjald (Mál nr. 144)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að skila umsögn um frumvarp til laga um veiðigjald. Hagkvæm og skynsamleg nýting náttúruauðlinda er einn af hornsteinum lífskjara á Íslandi og því er mikilvægt að vandað sé til verka. Því vill Viðskiptaráð gera eftirfarandi athugasemdir:

- Hagkvæmni og verðmætasköpun skipt höfuðmáli
- Álag og frádráttur uppsjávar- og frystiskipa gallað
- Ofureinföldun fjármagnskostnaðar
- Hátt gjaldhlutfall byggt á einstaklega hagfelldum árum

Hagkvæmni og verðmætasköpun skipta höfuðmáli

Viðskiptaráð telur að þjóðin eigi að njóta arðs af auðlindum landsins. Hvernig sá arður skilar sér til þjóðarinnar má þó aldrei vera á kostnað hagkvæmni og sem mestrar sjálfbærrar verðmætasköpunar, enda er það forsenda þess að auðlindanýting skili sér til samfélagsins. Til að ná því markmiði þarf fiskveiðistjórnunarkerfið og umgjörð þess að vera fyrirsjáanleg, stöðug og opinber gjöld hófleg og sanngjörn.

Íslenskur sjávarútvegur er enn, þrátt fyrir miklar breytingar síðustu áratugi, ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs, einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Því er sá afrakstur sem sjávarútvegur skilar til samfélagsins margfaldur á við veiðigjöld. Til dæmis greiddi sjávarútvegur í heild 91 milljarð króna í launakostnað árið 2016.

Í frumvarpinu er ýmislegt við veiðigjöld fært til betri vegar þannig að það styðji við grunnmarkmið sjávarútvegs. Til dæmis er álagning veiðigjalda færð nær í tíma og þá gildir hún ekki fyrir fisktegundir utan aflamarkskerfisins. Þó eru nokkur atriði sem gætu staðið í vegi fyrir hagkvæmni og sem mestri verðmætasköpun í greininni, sem er sérlega mikilvægt að huga að þar sem lögin eru ótímabundin. Hér á eftir koma þau helstu, en önnur atriði sem skoða þarf gaumgæfilega eru t.d. hvort rétt sé að innheimta veiðigjald af mjög lítið veiddum fisktegundum, sem getur leitt til allrataps, og útfærslu frítekjumarks.

Álag og frádráttur uppsjávar- og frystiskipa gallað

Í frumvarpinu er ráðgert að lagt sé 10% álag á aflaverðmæti uppsjávarfisks en aftur á móti 10% lækkun á aflaverðmæti frystiskipa. Hugmyndinni er ætlað að tryggja betra samræmi í gjaldtöku sem er jákvætt en þó má efast um útfærslu þessarar framkvæmdar. Í fyrsta lagi er ekki nægilega vel rökstutt í greinargerð hvers vegna notuð eru þessi hlutföll. Í öðru lagi kemur nokkuð spáskt fyrir sjónir að álagið sé á aflaverðmæti en ekki reiknistofn. Í tilfelli uppsjávarsveiða geta þær aðstæður skapast að aflaverðmæti sé lægra en metinn kostnaður og reiknistofninn án álags sé því neikvæður. Svo fremi sem reiknistofn án álags sé ekki lægri en -10% þarf að greiða veiðigjald. Með öðrum orðum geta þær aðstæður skapast við lág hagnaðarhlutföll og jafnvel taprekstur, að greidd séu há veiðigjöld. Slíkt gengur gegn markmiðum fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Ofureinföldun fjármagnskostnaðar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fastur kostnaður í reiknistofni veiðigjalds verði skattalegar afskriftir margfaldaðar með tveimur og þannig er gert ráð fyrir að vaxtagjöld séu þau sömu og afskriftir. Aðferðin er einföld sem er kostur en spyrja má hvort einföldunin sé of mikil. Í raun getur verið talsverður munur á vaxtagjöldum eftir aðstæðum og fjármagnsskipan útgerða. Viðskiptaráð hefur ekki í handraðanum betri lausn, en hvetur Alþingi og nefndarmenn til að kanna það gaumgæfilega. Ennfremur má velta því fyrir sér hvort skattaleg fyrning sé heppileg þar sem hún þýðir meiri sveiflur í föstum kostnaði og þar með veiðigjaldi.

Hátt gjaldhlutfall byggt á einstaklega hagfelldum árum


Að mati Viðskiptaráðs virðist sem gjaldhlutfall veiðigjaldsins, sem er 33% af reiknistofni skv. 4. gr, sé of hátt. Í greinargerð frumvarpsins segir: „Með frumvarpinu er lagt til að gjaldhæð veiðigjalds taki mið af vagnu meðaltali veiðigjalds sem hlutfalls af bakreiknuðum reiknistofni frumvarpsins fyrir árin 2009-2018.“. Við þennan viðmiðunartíma má staldra. Eins og mynd 1 sýnir hefur afkoma sjávarútvegs síðustu ár, eða frá 2009 verið með eindæmum góð. Sú afkoma er að hluta byggð á því að gengi krónunnar hefur verið fremur veikt á tímabilinu. Sú staða er gjörbreytt í dag þar sem krónan hefur styrkst á síðustu árum og er enn nokkuð yfir langtímameðaltali, þrátt fyrir veikingu síðustu vikna. Eðlilegra væri að miða við lengra tímabil eða tímabil sem er meira lýsandi fyrir einhverskonar meðalstöðu í greininni.

Mynd 1

Afkoma af fiskveiðum og gengi krónunnar

Meðaltöl tímabila

■ 1997-2008 ■ 2009-2016



*Miðað við árgreiðsluarðferð.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, útreikningar Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda og áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands